



MENNTAVÍSINDI

Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla

Er eitthvað sem kemur í veg fyrir virka þátttöku, félagslegan og námslegan árangur allra barna?

Tilgangur námskeiðsins er að þátttakendur kynni sér nám og starf í skóla og samfélagi fyrir alla og nýti þekkingu sína til að greina þarfir í starfsumhverfinu og þróa sitt eigið starf. Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræði menntunar fyrir alla og skoðað hvað það merkir að koma til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að þátttakendur finni hagnýtar leiðir og læri að beita ólíkum aðferðum í vinnu með fjölbreytta barnahópa. Lögð er áhersla á heildstæða og skapandi nálgun í nemendamiðuðu skólastarfi. Námskeiðið er vettvangs- og samstarfsmiðað og er gert ráð fyrir að þátttakendur myndi lærdómssamfélög þar sem þeir læra saman og styðja hvern annan í að þróa skólastarf og skólabrag.

MARKHÓPUR

Kennarar og leiðbeinendur í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fólk sem uppfyllir ekki kröfur um háskólanám getur tekið námskeiðið án eininga.

TÍMI OG VINNULAG

Námskeiðið nær yfir heilt skólaár og er kennt í staðlotum, síðdegistímum og fjarlotum. Staðlotur eru tvær á hvoru misseri, á milli staðlotna verða síðdegistímar einu sinni í mánuði að jafnaði þá mánuði sem staðlotur far ekki fram en þar fyrir utan vinna þátttakendur sjálfstætt í fjarlotum.

SKRÁNING, SKRÁNINGARGJALD OG EININGAR

24. ÁGÚST Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig í gegnum [skráningarsíðu Starfsþróunar MVSt](#).

75.000 KR. Skráningargjald er 75.000 kr.* Gjaldþagi er 25. ágúst.

10 ECTS Námskeiðið gefur 10 ECTS á framhaldsstigi.

Námskeiðslýsing í kennsluskrá: <https://bit.ly/37m2roO>

* Fólk skráð í HÍ þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir þetta námskeið.

Nánari upplýsingar um skráningargjöld á [skráningarsíðu](#).



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ